

Mánudaginn 10. júlí 1944.

Nr. 5/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af lögmati verkfalls. Hlutarmönnum talið óheimilt að hætta róðrum, þótt landverkafólk ætti í verkfalli, þar sem sannað þótti, að hlutarmenn hefðu ekki á neinn hátt þurft að fara inn á verksvið landverkamanna. Verklýðsfélag talið hafa valdið hinu ólögmeta verkfalli og það því dæmt skaðabótaskyld og til sektargreiðslu.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar, útgerðarmanns, gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Haustið 1942 kom til kaupdeilu, um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar, sem hér eftir verður nefnt verklýðsfélagið, og þriggja vinnuveitenda hins vegar, Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f, H/f Miðness og H/f Garðs. Auglýsti verklýðsfélagið taxa 8. okt. 1942, en nefndir vinnuveitendur neituðu að fara eftir honum og 4. jan. 1943 tilkynntu þeir verklýðsfélaginu, hvaða kaup þeir ætluðu að greiða.

Þetta sama haust sagði verklýðsfélagið einnig upp samningi um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, sem það hafði gert við Útvegsbændafélag Gerðahrepps 7. jan. 1942, en útvegsbændafélagið virðist ekki hafa átt í neinum samningum við verklýðsfélagið þetta haust um endurnýjun þess samnings.

Hins vegar var þá í gildi, og er enn, samningur milli verk-

lýðsfélagsins og útvegsbændafélagsins, ódagsettur, en að sögn beggja aðilja frá 7. jan. 1942, um hlutaskipti á vélbátum, og náði sá samningur til þeirra, er störfuðu að útgerð bátanna, sjómanna og landmanna.

Hinn 12. jan. 1943 hafði enn eigi komizt á samkomulag í nefndri kaupdeilu og tilkynnti þá Alþýðusamband Íslands vinnuveitendum, að það hefði samkvæmt heimild í 12. gr. laga alþýðusambandsins tekið málið í sínar hendur, að því er verklyðsfélagið snerti. Samningar tókust þó ekki og þann 17. janúar tilkynnti alþýðusambandið framangreindum þremur hlutafélögum og útvegsbændafélaginu, að verkfall mundi hefjast þann 25. s. m., ef samningar hefðu ekki komizt á fyrir þann tíma um kaup og kjör þeirra karla og kvenna, er hjá þeim ynnu, en ákvörðun þessi hafði verið samþykkt í verklyðsfélaginu með almennri atkvæðagreiðslu dagana 14. og 15. s. m. Að tilhlutan sáttasemjara ríkisins hófst verkfallið þó ekki fyrr en að morgni þess 27. jan. 1943 og náði það til allrar venjulegrar verkamannavinnu hjá nefndum vinnuveitendum, þar á meðal hjá öllum félagsmönnum útvegsbændafélagsins. Jafnhliða þessu stöðvuðust róðrar á bátum félagsmanna í útvegsbændafélaginu. Þann 29. janúar að kvöldi komust á samningar milli útvegsbændafélagsins og verklyðsfélagsins. Hófust upp úr því róðrar aftur á bátum útvegsbænda annarra en þeirra, sem riðnir voru við Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f og H/f Garð.

Einn þeirra var stefnandi máls þessa, Finnbogi Guðmundsson. Á bátum þeim, sem hann er talinn hafa gert út, Árna Árnasyni G.K. 70, Trausta G.K. 9 og Ægir G.K. 8, hófust róðrar ekki fyrr en eftir að samningur hafði komist á milli verklyðsfélagsins og hlutafélaganna þriggja, en hann var undirritaður að kvöldi þess 1. febr. 1943.

Stefnandi telur, að róðrar á bátum félagsmanna útvegsbændafélagsins, þar á meðal á þeim bátum, sem hann gerði út, hafi stöðvast vegna ólögættra aðgerða annars hvors hinna stefndu. Hafi hann af þeim sökum orðið fyrir fjártjóni. Er mál þetta höfðað til greiðslu sekta og skaðabóta.

Dómkröfur stefnanda, sem *aðallega* er beint gegn Alþýðusambandi Íslands, en *til vara* gegn Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerða- og Miðneshrepps, eru þessar:

1. Að viðurkennt verði, að umrætt verkfall, sem gert var 27. jan. síðastl., hafi verið ólöglegt að því er snerti Útvegsbændafélag Gerðahrepps, og þar með að því er snerti Finn-

boga Guðmundsson útgerðarmann sem meðlim þess félags, og ofangreinda vélbáta, sem gerðir voru út á hans vegum, en sérstaklega hafi verið ólöglegt framhald verkfallsins gegn téðum bátum eftir 29. jan. síðastl.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt eftir ákvörðun dómsins vegna hins ólöglega verkfalls, eða hins ólöglega framhalds þess gagnvart Finnboga Guðmunds-syni 29. jan. til 1. febr. síðastl.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, *aðallega* að upphæð kr. 9053.49, en *til vara* kr. 6724.74 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og til þrautavara, að bætur verði ákveðnar eftir mati dómsins.
4. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að með hlutaskipta-samningnum frá 7. jan. 1942 hafi verið komnir á samningar um kjör hlutarmanna. Þeir hafi því ekki átt í neinni deilu og verið óheimilt að leggja niður vinnu, þótt deila væri um kaup og kjör í þess konar landvinnu, sem ekki snerti róðra bátanna. Telur hann, að bátarnir hafi stöðvast vegna þess, að verkfallið hafi líka, að fyrirskipan alþýðusambandsins eða verk lýðs-félagsins, verið látið ná til hlutarmanna, bæði sjó- og land-manna. Vegna samningsins frá 7. jan. 1942 hafi þetta verið algerlega óréttmætt og enda engin ákvörðun tekin um það sérstaklega í verk lýðsfélaginu né tilkynning um slíkt send útvegsbændafélaginu. Heldur stefnandi því eindregið fram, að róðrar hefðu getað haldið áfram þrátt fyrir verkfall land-verkafólksins, því hlutarmenn hefðu ekki á neinn hátt þurft að fara út fyrir sín venjulegu störf, eða inn á starfssvið verk-fallsmanna, til þess að afla bátunum nauðsynja til róðra og hirða aflann. Bátarnir hefðu átt þess kost að fá afgreiðslu á olíu og beitu og hefðu því ekki þurft að stöðvast af þeim sökum.

En sérstaklega telur stefnandi það ólöglegt, að bátum hans hafi verið haldið í verkfalli eftir að útvegsbændafélagið samdi að kvöldi þess 29. jan., því þar sem hann hafi verið félagsmaður í því félagi, hafi hann átt rétt til þess, að engar hömlur yrðu lagðar á báta hans umfram annarra félagsmanna.

Kröfur sínar á hendur Alþýðusambandi Íslands styður stefnandi þeim rökum, að með því að taka deilumálin í sínar hendur, samkvæmt 12. gr. laga þess, beri það ábyrgð á verkfallinu og afleiðingum þess. En ef svo yrði ekki talið hefur hann, svo sem að framan greinir, gert þær kröfur, að verklyðsfélagið verði dæmt til greiðslu sekta og skaðabóta fyrir að hafa átt sök á ólögmætu verkfalli og með því valdið honum tjóni.

Bótakröfur sínar byggir stefnandi á því, að bátar þeir, sem hann gerir út, og að framan eru nefndir, hafi misst af nokkrum róðrum vegna hins ólögmæta verkfalls. Verður nánar vikið að skaðabótakröfunni síðar.

Stefndu hafa mælt sig undan allri ábyrgð eða skaðabótaskyldu út af umræddri vinnudeilu. Hafa þeir meðal annars krafizt sýknu á þeim grundvelli, að Finnbogi Guðmundsson sé eigi réttur aðili máls þessa. Er sú mótbára fyrst höfð uppi í þinghaldi 28. marz s.l. og það fært til, að hann sé ekki eigandi framannefndra báta. Þetta skiptir þó ekki máli, heldur hitt, hvort stefnandi var útgerðarmaður nefndra báta, en það hefur hann staðhæft þegar í stefnunni. Það er fyrst í munnlegum málf lutningi, að því er hreyft af hálfu umboðsmanns stefndu, að ekki sé sannað, að stefnandi sé útgerðarmaður nefndra báta, án þess að sú vefenging væri nokkrum rökum studd. Það eru því ekki efni til að taka þessa sýknuástæðu stefndu til greina.

Þá halda stefndu því fram, að, að svo miklu leyti sem róðrar bátanna hafi stöðvast, hafi það komið af sjálfu sér vegna verkfalls landverkafólksins sökum þess, að þeir hafi ekki getað fengið nauðsynlega afgreiðslu, t. d. á oliu og heitu, þar sem þeir menn, er afgreiddu þessar vörur, hafi verið meðal þeirra, er lögðu niður vinnu. Ekki hafi heldur verið hægt að hirða aflann. Hlutarmönnum hafi hins vegar verið óheimill að fara inn á verksvið þeirra manna, sem í verkfallinu áttu. Mótmæla stefndu því, að ætlunin hafi verið, að verkfallið næði til hlutarmanna og neita því að hafa gefið fyrirskipun um slíkt eða að samþykktir þess efnis hafi verið gerðar í verklyðsfélaginu.

Staðhæfingar stefnanda um að róðrar hefðu ekki þurft að stöðvast vegna verkfallsins, þar sem það sé í verkahring hlutarmanna að vinna nauðsynleg störf í sambandi við róðra og hagnýtingu aflans, eru studdar ýmsum gögnum, sem telja verður næga sönnun þess að byggja megi á skýrslu stefnanda um þetta atriði. Verður ekki séð, að verkfall landverkafólksins

hafi þurft að leiða til þess, að bátarnir fengju ekki afgreiðslu, þó hlutarmenn héldu sér innan starfssviðs síns. Þessi niðurstaða er og studd þeirri staðreynd, að ekki er sýnt, að nokkur fyrirstaða hafi verið á því, að bátar ýmissa félagsmanna Útvegsbændafélagsins fengju afgreiðslu eftir að samið hafði verið við það félag 29. jan., og er þó talið, að afgreiðslumenn hafi ekki tekið upp starfa sinn fyrir en samningar voru komnir á við hlutafélögin, að kvöldi þess 1. febr. s. á. Stefndu hafa ekki heldur sýnt fram á neina sérstaka vinnu verkfallsmanna, sem hlutarmenn hefðu orðið að vinna, til þess að róðrar gætu haldizt.

Kemur þá til álita, hvort stefndu hafa átt þann þátt í því að róðrar féllu niður, að sagnæmt sé.

Alþýðusambandið.

Af þess hálfu hefur því verið staðfastlega neitað, að það hafi fyrirskipað hlutarmönnum að leggja niður vinnu, enda ekki til þess ætlast. Hins vegar er viðurkennt, að það hafi sett svo kallað afgreiðslubann á báta og bíla deiluaðilja hjá nágretta verklyðsfélögum. Ekki verður í þessu máli skorið úr um gildi þess afgreiðslubanns, enda ekki sýnt, að það út af fyrir sig hefði þurft að leiða til þess, að bátar stefnanda stöðvuðust frá róðrum þar syðra. Með vitnisburðum ýmissa manna, skipstjóra og skipverja á bátum, er stöðvuðust, eru færðar talsverðar líkur fyrir því, að tilgangur framkvæmdarstjóra alþýðusambandsins hafi verið sá að hindra róðra, með því að fá skipverjana til þess að róa ekki. En gegn eindreginni neitun hans þykja þó ekki alveg nægar sannanir fyrir hendi til þess, að talið verði, að framkoma hans hafi leitt yfir alþýðusambandið sjálfstæða refsí- eða skaðabótaábyrgð út af umræddu verkfalli og ber því að sýkna það af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður að því er það snertir verður látinn falla niður.

Verklýðsfélagið.

Enda þótt mótmælt sé af þess hálfu, að nokkur félags- eða stjórnarsamþykkt hafi verið gerð þess efnis, að hlutarmenn leggðu niður vinnu, er þó viðurkennt, að formaður félagsins og aðrir trúnaðarmenn þess, svo sem ritari og varaformaður, hafi beðið hlutarmenn um að vinna ekki meðan á verkfallinu stæði. Þessi viðurkenning er studd framburðum ýmissa vitna, sem ýmist bera það, að menn þessir hafi beðið hlutarmenn um að leggja niður vinnu eða beinlínis lagt svo fyrir þá, sbr. vitnisburð Óskars Illugasonar, Tryggva Einarssonar, Þor-

valdar Halldórssonar, Þorsteins Halldórssonar, Guðjóns Hanssonar, Óskars Jónssonar, Stefáns Sveinbjörnssonar og Árna Árnasonar. Verður að telja nægilega sannað, að þessi framkoma nefndra trúnaðarmanna verklyðsfélagsins hafi orðið þess valdandi, að róðrar féllu niður. En með því að í gildi var áðurnefndur hlutaskiptasamningur frá 7. jan. 1942, þurftu útvegsbændur ekki að gera ráð fyrir, að verkfallið næði til hlutarmanna, án þess að slíkt væri boðað sérstaklega, samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta var ekki gert, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að nefndir trúnaðarmenn verklyðsfélagsins hafi skapað þau skilyrði, er leitt gætu til refsíabýrgðar fyrir félagið og skaðabótaskyldu gagnvart þeim útgerðarmönnum, sem verkfallið bitnaði á.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 53/1930, um lögskráningar sjómanna, er bannað að leggja lögskráningarskyldu skipi úr höfn nema skipverjar hafi áður verið lögskráðir í skiprúm. Nú hafa af hálfu stefndu verið lögð fram í máli þessu vottorð skráningarstjóra, sem sýna að lögskráð hefur verið á m/b Árna Árnason 29. jan. 1943, m/b Ægir 2. febr. 1943 og á m/b Trausta 15. febrúar 1943, og var einnig á þetta bent í munnlegum flutningi málsins. Það er því fyrst eftir lok umræddrar deilu, að lögskráð er á báta þá, er um ræðir í máli þessu, að undanskildum m/b Árna Árnasyni. Stefndu hafa að vísu ekki borið það fram sem sýknuástæðu, að bátunum hafi verið óheimilt að fara í róðra eins og á stóð, en þar sem lögskráningarskylt var á nefnda báta, þykir allt að einu, með tilvísun til 113. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, verða að taka þessa málsástæðu til greina. Með tilvísun til þessa verður ekki talið, að stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps hafi unnið til refsingar eða orðið bótaskylt þótt niður féllu róðrar á bátum, sem ekki fullnægðu skilyrðum nefndra laga til þess að mega leggja úr höfn. Verður því í máli þessu aðeins lögð refsing og skaðabótaskylda á stefnda Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps fyrir þær aðgerðir hans, sem leiddu til þess, að m/b Árni Árnason komst ekki í róður þann 1. febr. 1943. En með tilvísun til framanritaðs verður að telja, að nefnt verklyðsfélag hafi með ólögmetu verkfalli orðið þess valdandi.

Þar sem verkfalli þessu var komið á, án þess að fylgt hafi verið fyrirmælum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938, hefur verklyðsfélagið gerzt brotlegt við nefndar greinar og þykir refs-

ing fyrir það hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga 200 króna sekt í rikissjóð.

Skaðabótakrafan.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefndu fyrst borin fram sú sýknuástæða, að undir samninginn 1. febrúar, milli verklýðsfélagsins og hlutafélaganna, hefði einnig verið skrifað af hálfu Finnþoga Guðmundssonar persónulega. Hefði hann með þeirri undirskrift firt sig rétti til þess að koma síðar fram með kröfur á hendur verklýðsfélaginu út af verkfallinu. Þessu var eindregið mótmælt af hálfu stefnanda og á það bent, að gera hefði þurft um það sérstakan áskilnað, ef bótakröfur allar hefðu þar með átt að falla niður. Þykir mega fallast á þessa skoðun stefnanda, enda hafði hér verið beitt ólögnum verknaði gegn stefnanda. Verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Einn dómendanna, Gunnlaugur E. Briem, getur ekki fallizt á þessa niðurstöðu, að því er varðar skaðabótakröfuna. Telur hann, að taka beri til greina framangreinda sýknuástæðu stefndu, þar sem stefnandi hafi ekki við undirskrift samningsins frá 1. febr. 1943 áskilið sér rétt til að krefjast skaðabóta.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber stefndu verklýðsfélagi aðeins að greiða stefnanda bætur fyrir róðrartap m/b Árna Árnasonar þann 1. febr. 1943. Krafa stefnanda fyrir tap þessa róðurs er kr. 1744.32. Bótakrafan er grundvölluð á því, að meðalafli háta í Sandgerði þennan dag hafi verið 16 skpd. eða 8000 kg á kr. 0.45 = kr. 3600.00, auk lifrar, er numið hafi kr. 792.00 og hafi hlutur útgerðarmanns þannig numið kr. 1744.32. Stefndi hefur ekki mótmælt útreikningi þessum út af fyrir sig, en telur þó, að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til tjóns og slits á veiðarfærum og skipi. Þykja bæturnar eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 1500.00, og ber að dæma stefnt verklýðsfélag til þess að greiða stefnanda þá upphæð. ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að verklýðsfélagið greiði stefnanda kr. 300.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefndi Alþýðusamband Íslands á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Finnþoga Guðmundssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

2. Stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðnes-hrepps greiði kr. 200.00 í sekt til ríkissjóðs.
3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Gerða- og Miðneshrepps, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar kr. 1500.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 7. maí 1943 til greiðsludags og kr. 300.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel að sýkna beri Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps af öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin slík afskipti haft af landlegu báta, sem Finnbogi Guðmundsson í Gerðum telst útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Miðvikudaginn 16. ágúst 1944.

Nr. 8/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verk-smiðjufólks í Reykjavík (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðn-rekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F.

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Mál út af kærnu um brot á 18. gr. laga nr. 80/1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 9. þ. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 31. f. m. féll úr gildi fyrir uppsögn kjarasamningur sá, dags. 30. júlí 1943, er í gildi hafði verið milli Iðju- og Félags ísl. iðnrekenda, og þann 1. þ. m. hófst verkfall af hálfu Iðju hjá iðnrekendum yfirleitt. Í Niðursuðuverksmiðju S. Í. F. unnu, þegar verkfallið hófst, aðeins tveir félagsmenn úr Iðju og lögðu þeir niður vinnu. Að öðru leyti unnu þar félagskonur úr Verkakvannafélaginu Framsókn. Lögðu þær niður vinnu einn dag, en tóku hana